

REGLUR

um uppgjör fyrir búvöruframleiðslu á verðlagsárinu 1983/1984,
skv. 2. mgr. 9. gr. reglug. nr. 465/1983.

I. Almenn regla.

1. gr.

- A) Bú með framleiðslu sem er í ærgildisafurðum 200 eða minna, verða undanþegin verðskerðingu ef þau eru aðaltekjuöflunarþáttur viðkomandi framleiðenda, að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins, þó framleiðslan fari fram úr búmarki.
- B) Réttur er til að færa 15% á milli kindakjöts og mjólkur svo sem verið hefur áður.

II. Verðskerðing kindakjöts.

2. gr.

- A) Engin verðskerðing verði reiknuð á kindakjöt innan búmarks hjá framleiðendum á lögbýlum.
Reikna skal 25% verðskerðingu á það kjöt, sem er umfram búmark á lögbýlum, en þó skal felld niður verðskerðing á ærkjöti, ef framleiðendur hafa felld allan stofninn haustið 1983 og hafa tilkynnt það til Framleiðsluráðs. Heimilt er að reikna aðeins 5% verðskerðingu á ærkjöt umfram búmark, hafi menn fækkað mikið en ekki felld allan stofninn, þó þeir framleiðendur hafi ekki tilkynnt það til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
- B) Framleiðendur í þéttbýli sem hafa búmark, verði reiknuð 10% verðskerðing á kjötframleiðslu innan búmarks, en 25% á kjöt umfram búmark. 25% verðskerðing verði reiknuð á alla kjötframleiðslu hjá þeim sem ekkert búmark hafa.

III. Verðskerðing mjólkur.

3. gr.

- A) Á mjólkurframleiðslu frá 90% búmarks upp að búmarki, að teknu tilliti til tilfærsluréttar samkvæmt lið 1. gr. B, fái 10% verðskerðingu, þó ekki á minni búum en 300 ærgildi eða minna skipt í hlutfalli við framleiðslu eins og á síðasta verðlagsári.
- B) Mjólkurframleiðslan umfram búmark, sbr. þó lið 1. gr. B, fái 55% verðskerðingu.
- C) Undanskilin allri verðskerðingu er mjólkurframleiðsla hjá eftirtöldum mjólkursam-lögum:

	Lítrar
M.s. V-Barðstrendinga, Patreksfirði	817 361
M.s. Ísafirðinga, Ísafirði	1 497 439
M.s. Kf. Langnesinga, Þórshöfn	261 113
M.s. Kf. Vopnafirðinga, Vopnafirði	673 385
M.s. Kf. Fram, Norðfirði	567 371
M.s. Kf. Berufjarðar, Djúpavogi	385 813
	<hr/>
	4 202 482

Landbúnaðarráðuneytið, 9. janúar 1985.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.